

Mánudaginn 6. júní 1983.

Nr. 80/1983. **Bjarni Már Ragnarsson**

gegn

Péttri Gunnlaugssyni.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Er mál þetta kom fyrir á dómþingi 1. þ. m., lagði áfrýjandi fram dómsgerðir, ágríp og greinargerð og krafðist þess, að málinu yrði frestað til flutnings. Stefndi krafðist þess, að málinu yrði frestað til októbermánaðar 1983.

Mál þetta er gagnsök í hæstarettarmálinu nr. 74/1983. Bæði mál-in voru þingfest 2. maí sl. Með samkomulagi aðilja var aðalsökinni frestað til októbermánaðar nk., en þessu máli (gagnsökinni) til 1. júní sl.

Þar sem áfrýjandi hefur þegar samþykkt frestun aðalsakarinnar til októbermánaðar og aðalsök og gagnsök hafa ekki verið sameinaðar, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 75/1973, þykir rétt að fresta málinu til októbermánaðar.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Á l y k t a r o r ð:

Hinn umbeðni frestur er veittur til 3. október 1983
